



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	4. fundur stjórnar KLÍ 2018-2019
Staðsetning:	Keiluhöllin
Hvenær:	30. október 2018 kl. 18:00
Þátttakendur:	Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ)      Formaður Hafþór Harðarson (HH)      Varaformaður Stefán Claessen (SC)      Varamaður Ingi Geir Sveinsson (IGS)      Ritari Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP)      Framkvæmdastjóri
Boðuð forföll:	Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir (SUV)      Gjaldkeri Einar Jóel Ingólfsson (EJI)      Varamaður
Fjarverandi:	Björn Kristinsson (BK)      Varamaður Björgvin Valdimarsson (BV)      Meðstjórnandi
Fundarritari:	JÁJ

## Dagskrá fundar

Síðasta fundargerð .....	1
Hæfileikamótun ungmenna - Póstur frá Dóru.....	1
Afrekshópur öldunga - Póstur frá Dóru.....	1
Reglugerð aganefndar .....	2
NYC19 .....	2
Önnur mál.....	2

### Síðasta fundargerð

Samþykkt, laga stafsetningavillur.

### Hæfileikamótun ungmenna - Póstur frá Dóru

Engar sérstakar ath. frá stjórn, SC segir að hann megi ekki bæta inn í hópinn, þá uppfyllir það ekki einhver skilyrði. Mál sem þarf að fá nánari skýringar á. Krakkar sem ekki eru komnir í afrekshóp en eru að banka, hann vill hafa möguleika á þeim í þetta verkefni.

### Afrekshópur öldunga - Póstur frá Dóru

Umræður um þetta, aðalega tvennt annað er með kostnað KLÍ að þessu verkefni og svo að tekið sé frá öðrum verkefnum afrekshópa. Um að gera að nýta samlegð sem við á, vera með starf sem nefndin stýrir en skoða með hvernig er staðið að vali í lið o.s.v.fr. Samhljómur fundarmanna að kostnaður við mót verði ekki af sameiginlegum sjóðum KLÍ nema á móti komi styrkir.

### Reglugerð aganefndar

JÁJ fór og hitti Höllu skrifstofustjóra ÍSÍ. Var búinn að senda henni tillögu okkar. Gagnlegar viðræður við hana. Hún ætlar að fá lagahóp ÍSÍ til að skoða lauslega og koma með tillögur að leiðum. Rætt um að hafa þau atriði sem við á undir mótanefnd sem sér um að úrskurða. Agamál fari sína leið. Telur að við getum vel haft formið svona þ.e. ekki verið með dómstól innan sambands. Gæta að samspili laga og reglugerða.

### NYC19

JÁJ og SUV hittu KHE og ræddu um verð og tíma. KHE er til í að hjálpa í formi að hafa fulla þjónustu á meðan þetta er, bjóða upp á ákv. matarpakka t.d. fyrir keppendur og gesti. Verð er þó að fullu. Verið að skoða hvort ÍTR styrki mótið með brautarleigu sem er um 1,4 milljónir. Ef það verður þá er hægt að halda áfram, annars afboða að við höldum mótið.

### Önnur mál

HH – USBC regla varðandi hliðargöt, ekki enn komið í ETBF og WTBF. Finnar komnir með þessa reglu inn sem og USA, eru að bora kúlur hér sem mögulega eru ólöglegar eftir ár eða svo. Leggur til að við lögum reglur og leifum hreinlega bæði með hliðargati og vigt. IGS leggur til að fá uppl. frá Finnum. HH kíkir á það.

Reglur um skráningu leikja á erlendri grund. JÁJ nefnir að við þurfum að skilgreina hvort þetta skuli fara í meðaltal og þá hver á að sjá um að skrá. Samhljómur allra að þetta eigi að fara. Þau verkefni sem eru á vegum KLÍ þá sé það hlutverk fararstjóra/þjálfara að skila skorskýrslu til starfsmanns KLÍ. Einstaklingar á túrstoppum eiga að skila inn skýrslu ef veita á styrk. SC skoðar með að gera sniðmát fyrir þetta.

HH. Spyr hvort það sé rétt að afreksfólki sé meinuð þátttaka í Utandeild. Svo er ekki skv. neinum reglum KLÍ. Afrekshópur sér um verkefnið.

Fundi slitið 18:57